

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 192/2002 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

1. gr.

Við 1. gr. bætast þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Prátt fyrir bannið í 1. mgr. er heimilt að flytja inn sjávarafurðir sem eru veiddar, frystar og pakkað í endanlegar umbúðir á vinnsluskipti og landað beint á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi undanþága gildir þó ekki um krabbadýr, nema þau sem veidd eru í Atlantshafi og hafa ekki hlotið neina aðra meðferð en frystingu og þökkun í endanlegar umbúðir á vinnsluskipti og landað beint á Evrópska efnahagssvæðinu.

Prátt fyrir bannið í 1. mgr. er heimilt að flytja inn frá Kína heilan fisk, slægðan og hausaðan og flök af alaskaufsa, þorski og karfa sem veiddir eru í sjó að því tilskildu að 20% hvernar sendingar sé skoðað á landamærastöð og rannsakað með tilliti til efnaleyfa. Þessi skoðunarskylda gildir til 30. september 2002.

Fiskistofa skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um niðurstöður skoðananna sem mælt er fyrir um í 3. mgr., með notkun tilkynningarkerfisins „Rapid alert system“.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júní 2002.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi Bátavara í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 15. maí 2002 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Bátavara í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Óverulega breytingin felst í að byggingareitum er breytt og bátaskýlum fjölgar um þrjú. Einnig breytist aðkoma að frístundahúsi nr. 1 sem færð er inn á deiliskipulagsuppdrátt.

Hreppsnefnd tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grund, 25. júní 2002.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.